SÓLVANGUR HJÚKRUNARHEIMILI 2016

FUNDARGERÐ VERKFUNDAR

Framkvæmdaraðili:	Hafnarfjarðarbær				**Fundur nr. :** **25**
Verktaki:	Munck Íslandi ehf				
Fundarstjóri:	Arnar Smári Þorvarðarson		**Fundarritari:**	Hilmar Ástþórsson	
Fundarstaður:	Verkstað				
Þátttakendur:					23.05.2018
Hreinn Sigurðsson	*(HS)*	Munck	hreinn@munck.is	8422116	**Frá kl. :** 9:30
Runólfur Þór Jónsson	*(RJ)*	Munck	runolfur@munck.is	8424723	**Til kl. :** 13:00
Theodór Sólonsson	*(TS)*	Munck	teddi@munck.is	8422142	
Guðmundur Þórðarson	*(GÞ)*	Munck	gudmundur@munck.is	8422118	
Kári Eiríksson	(KS)	Munck	kari@munck.is	8424717	
Bergþóra Sráradóttir	*(BS)*	Munck	bergthora@munck.is	8481210	
Arnar Smári Þorvarðarson	*(ASÞ)*	Verkís	ast@verkis.is	8923935	
Hilmar Ástþórsson	*(HÁ)*	Verkís	hia@verkis.is	8460011	
Gísli Ó. Valdimarsson	*(GÓV)*	VSB	gisli@vsb.is	6608612	
Dreifing: Fundarmenn					**Næsti fundur:**
Stefán Veturliðason	*(SV)*	VSB	stefan@vsb.is	6608606	Miðvikudaginn 6. júní 2018, kl 9:30 á verkstað.
Sigurður Haraldsson	*(SH)*	Hfj.bær	siggih@hafnafjordur.is	6645631	
Verkkaupi setur fundargerð á vef Hafnarfjarðar og verður hún þar með opinbert gagn.					



Vettvangsmynd 23-05-2018. *(Bygging uppsteypt að frátöldum tengigangi og portveggjum 4.hæðar).*

Nr.	**FUNDARGERÐ:**	**Frestur:**	**Ábm.:**
	Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.		
1.	**Fundargerðir.** Fundargerð síðasta verkfundar, nr. 24 var yfirfarin og gerði verktaki tvær athugasemdir við hana sem hann lagði fram skriflega:		

Liður 20 Efnisútvegun:
Verktaki óskaði eftir eftirfarandi bókun:
Verktaki óskaði eftir upplýsingum um hver staðan væri á efnissamþykki verkkaupa, hvaða efnissamþykktir væru enn ósamþykktar og áætlun um hvenær gert sé ráð fyrir að afgreiða þær til verktaka. Þessa bókun vantar í fundargerðina sem óskast leiðrétt.

Eftirlit minnist ekki að þetta hafi verið rætt og óskað bókunar, en tekur undir með verktaka.

Sömuleiðis gerði verktaki eftirfarandi athugasemd:

Liður 32 Verklok:
Verktaki óskaði eftir afstöðu verkkaupa gagnvart endurskoðaðri verkáætlun sem var lögð fram 22. febrúar 2017 með áætluðum verklokum 17.nóv. 2018.
Fyrirspurn verktaka kemur fram í fundargerð, en bókun verkeftirlits um að verkkaupi samþykki ekki seinkun verkloka er ekki í samræmi við það sem sagt var á verkfundi.
Að mati verktaka upplýsti verkeftirlit og byggingarstjóri VSB að verkkaupi hafi hvorki hafnað né samþykkt breytt verklok samkvæmt breyttri verkáætlun.
Verktaki óskar eftir að bókun fundargerðar verði leiðrétt í samræmi við fundinn, en ekki breytt með túlkun eftir á.
(Í orðsendingu RFI#33, dags.22.feb.2018 var óskað eftir samþykki á breyttri verkáætlun, þessari orðsendingu virðist ekki hafa verið formlega svarað af hálfu verkkaupa ennþá)

Eftirlit áréttaði á umræddum fundi að umrædd seinkun á verklokum væri ekki samþykkt og vísaði til bókana í fyrri fundargerðum um málefnið, en tilgreindi ekki númer fundargerða. Eftirlit tekur því ekki undir að um túlkun eftir á sé að ræða. Verktaki óskaði eftir tilvísun í umræddar fundargerðir.

Ekki voru gerðar frekari athugasemdir og fundargerð undirrituð.
Haldnir hafa verið 14 rýnifundir og eru gerðar um þá sér fundargerðir.

2. Umsjón verkkaupa.

Umsjón verkkaupa er :

Verkefnisstjóri:	*Stefán Veturliðason (VSB)*
Byggingastjóri:	*VSB verkfræðistofa, umsj. Gísli Ó Valdimarsson*
Umsjónarm. eftirlits:	*Arnar Smári Þorvarðarson (Verkís)*
Eftirlit:	*Hilmar Ástþórsson (Verkís)*

3. Umsjón verktaka.

Umsjón verkkaupa er :

Verkefnastjóri:	*Guðmundur Þórðarson*
Staðarstjóri:	*Hreinn Sigurðsson,* Kári Eiríksson
Verkstjóri:	*Theodór Sólonsson, Runólfur Þór Jónsson*
Jarðvinna:	*Einar Þór Stefánssson*
Tæknimaður:	*Bartosz Dziub, Bergþóra Smáradóttir*
Gæðastjóri:	*Sigurbjörn Bárðarson*

Kári Eiríksson kemur inn sem viðbót í verkið sem aðstoðarstaðarstjóri.

4. Tryggingar.

Verktrygging – Trygging liggur fyrir og er hluti samningsgagna.
Ábyrgðatryggingar - Staðfesting liggur fyrir frá tryggingafélagi að trygging sé í gildi.

Búið er að brunatryggja mannvirkið. Verktaki spyrst fyrir um hvað sé innifalið í brunatryggingu, kallað verður eftir skilmálum brunatryggingar og upplýst um. Ó.br. *GÓV /ASÞ*

5. Öryggisráðstafanir/öryggismál.

Verktaki hefur lagt fram Öryggishandbók (RFI #13) þann 21.07.2017
Verktaki hefur sent afrit af eigin úttektum öryggismála, nr. 68, til og með 1. nóvember 2017.
Vinnuslys sem varð þann 17.07.17 á verkstað er í rannsókn hjá Vinnueftirlitinu og Lögreglu. Ekki liggur fyrir skýrsla aðila.

Lögð er áhersla að hlið inn á vinnusvæði séu ávallt lokuð og að verktaki sé vakandi gagnvart viðhaldi á vinnugirðingu.

Verktaki hefur lagfært byggingargirðingu meðfram Sólvangsvegi og snyrt svæði þar um umhverfis.

6. Undirverktakar/meistarar.

Undirverktakar:

- *Pípulagnir: Pípulagningameistarinn ehf.*
- *Uppsláttur og uppsteypa veggja: Roko (Pólskt fyrirtæki)*
- *Blikksmíði og loftræsting: Stjörnublikk ehf.*
- *Raflagnir: Tengill ehf.*
- *Járnbending: Járn SFM ehf*
- *GE verktakar ehf: Léttir gifsveggir og loft.*
- *Flotílögn gólfa: Flotun ehf, Guðmundur Björnsson*
- *Málari: Jón og Marteinn málningarþjónusta ehf*
- *Steinslípun: Litli klettur*
- *Asfaltdúkur: Tambi*
- *Gluggar: Alu plus*
- *Álklæðning: OSS - One Stop Shop*
- Innréttingar: BIK
- *Aðrir undirverktakar verða gefnir upp síðar.*

Iðnmeistarar:

- *Pípulagningameistari: Magnús Kristinsson*
- *Húsasmíðameistari: Tómas Haukur Tómasson*
- *Raflagnameistari: Haraldur Jón Arason*
- *Blikksmíðameistari: Finnbogi Geirsson*
- *Dúklagningameistari: Örn Gunnarsson*
- *Múrarameistari: Yngvi Eiríksson*
- *Málarameistari: Ágúst Garðarsson*

Áréttað er að verktaki gangi frá þeim undirskriftum meistara sem uppá vantar, þ.e undirskrift frá dúklagningameistara. Ó.br. *06.06.18 HS*

7. Aðstaða verktaka.

Verktaki hefur lokið uppsetningu, vinnubúða, krana, hliða og bráðabirgðatengingum vegna rafmagns, vatns og fráveitu.

Ný hitaveituheimæð hefur verið lögð í nýbyggingu og var tengigrind uppsett og áhleypt þann 13.desember.
Stöðug kynding húss með vatnshitablásurum hófst:

- *Kjallari : 14 desember*
- *1.hæð : 14. desember í austurhluta, um 15. janúar í vesturhluta.*
- *2.hæð : Í lok febrúar í austurhluta og 7. mars í vesturhluta.*
- *3.hæð : Vatnshitablásarar hafa verið settir upp á hæð, en eru ekki orðnir virkir.* Stefnt er að því að kynding 3.hæðar hefjist í dag.

Mikilvægi kyndingar hefur verið rætt og þá sérstaklega að stöðug kynding eigi sér stað, bæði á og utan vinnutíma. Einnig er áríðandi að lofta nokkuð reglulega.

8. Athafnasvæði.

Skilgreint vinnusvæði er innan girðingar.
Mikilvægt að vinnusvæði sé ávallt lokað og ekki opið fyrir umf. óviðkomandi og það á jafnframt við um hlið.

Eins og komið hefur fram hyggur verktaki á að hefja framkvæmdir við lóðarfrágang, þ.e. breytingar og endurgerð lóðar á umræddu svæði norðan við heilsugæsluna, bæði utan og innan girðingar. Ekki liggur fyrir endurskoðun á hönnun, sem boðuð hefur verið, þ.e. sorp/djúpgámar, aðlögun snjóbræðslu að steyptum stéttum/veggjum og aðlögun raflýsingar. Verktaki kallar eftir umræddum gögnum.
Þegar þau liggi fyrir mun verktaki stilla upp verkáætlun lóðarfrágangs.
Það hentar verktaka að setja framkvæmd af stað fljótlega, en endurskoðuð hönnun liggur ekki fyrir. Rætt var um að halda þurfi rýnifund þegar hún liggur fyrir.
Varðandi framkvæmdir á umræddu svæði vísar verktaki til klausu 2.2.1 (A.4) í ÍST-30. Eftirlit vísar til fyrri svara er varða umrætt athafnasvæði.

9. Veitustofnanir.

<u>Heimæðar fyrir heitt vatn og kalt vatn</u>
Heitt vatn:
Ný heimæð er lögð og hleypt var á 14. desember.

Kalt vatn:
Í desember var gerð tilraun til að leggja kalt neysluvatn inn fyrir byggingargirðingu, en núverandi lögn er í austurkanti Sólvangsvegar en fannst þó ekki. Ákveðið var að bíða með aðgerðir.
Breytingar hafa orðið á heimtaug kalda vatns, sem fer úr Φ90 í Φ 110mm og hafa lagnateikningar verið uppfærðar og endurútgefnar.

Gísli afhenti verktaka á verkfundi þann 4.4., dæmigert snið af lagnaskurði til viðmiðunar. Að öllum líkindum þarf að byrja á að leggja regnvatnslagnir.

GÓV og TS munu fara yfir hvað hæðarlegu umræddra lagna varðar innan lóðar og þá hvernig verktaki hyggst standa að verki/verkþáttum á umræddu svæði.
Veitur eru tilbúnar til að leggja lagnir þegar hentar hjá verktaka.

Regnvatnslögn er sú lögn sem liggur neðst á umræddu svæði og þarf að leggja fyrst. Gert er ráð fyrir að einn veituskurður fyrir heimæðar/taugar verði grafinn og miðað sé við hefðbundið kennisnið sem GÓV lagði fram.

Verktaki miðar við að farið verði í niðurlögn regnvatnslagnar í byrjun júní.

Rafmagnsheimtaug
HS veitur vinna að því að styrkja rafmagnsskáp við Sólvangsveg, þaðan sem rafmagnsheimtaug fyrir nýbyggingu verður síðar tekin. Lagnaleið inn í nýbyggingu liggur ekki fyrir á þessu stigi.

Rafveita og Míla eru komin inn fyrir byggingargirðingu frá Sólvangsvegi (u.þ.b 2m inn fyrir girðingu). Gagnaveita liggur við byggingargirðingu, þar sem tilvonandi stígur mætir Sólvangsvegi.
Sem stendur er verktaki ekki tilbúinn að leggja rafmagnheimtaug inn í nýbyggingu, verkþáttur stendur óbreyttur og ekki aðhafst frekar að svo stöddu.
Veitur eru tilbúnar til að leggja lagnir þegar hentar hjá verktaka.

10. Samstarf við aðra.
Verkkaupi (GÓV/ASÞ) mun undirbúa í samráði við stjórnendur Sólvangs, hvernig verður staðið að tengingum við byggingarhlutann og gera grein fyrir útfærslum við verktaka.

Verktaki hefur lagfært að hluta rask sem varð á umferðareyju framan við Hörðuvelli, verktaki hefur jafnað landslag og hyggst tyrfa þegar veður leyfir, en torf er komið á verkstað. Ó.br. *HS*

VSÓ Ráðgjöf hefur óskað eftir að fá að koma í skoðunarferð um nýbyggingu í seinni hluta maí. Gert er ráð fyrir heimsókn fyrir hádegi, föstudaginn 1.júní.

11. Gæðamál.
Verktaki hefur afhent gæðahandbók (barst 23.02.2018).

12. Vinnutími.
Daglegur vinnutími á virkum dögum er frá 07:00 til 17:30 en á laugardögum frá 09:00 til 16:00. Einnig er unnið tilfallandi lengur.

13. Mannafli og tæki.
Tæki á verkstað frá síðasta verkfundi:

1 Skotbómulyftari
0-1 Hjólagrafa
0-1 Vörubíll með krana
1 Loftpressa (eftir þörfum)
2 Byggingakranar (Liebherr 81K og 53K)
1 Járnaklippur og beygjuvél

1 Tækja/geymslugámur
2 Jarðvegsþjöppur (750kg og 350 kg)
0-1 Minigrafa
Um 40 vatnshitablásarar á verkstað, ca. 30 í gagninu.
3 Efnisgámar (timbur, stál og annað)
Stál vinnupallar er uppkomnir ca 70%

Mannafli á verkstað frá síðasta verkfundi:

2 Staðarstjóri
2 Verkstjóri
2 Tæknimenn
0-1 Mælingamaður
4 Smiðir
0 Jarðvinnu
2 Verkamenn
2-5 Rafvirkjar
3-5 Píparar
0-2 Járnamenn
9 menn í mótauppslætti og steypa (Roko) þar af einn tæknimaður
2-3 Blikkarar
2-4 Málarar
0-5 Flotarar
0-2 Kjarnaborun
0-2 Pappamenn
Alls 30-50 manns

14. Dagskýrslur.

Verktaki hefur sent dagsskýrslur til og með 19.05.2018.

15. Veðurfar.

Tiltölulega kalt, vinda- og úrkomusamt.

16. Verkstaða – áætlanir, næstu verk.

Verkstaða:

Aðstaða:

Aðstöðusköpun er lokið.

Jarðvinna



Búið er að fylla undir grunnplötur, undir undirstöður tengigangs í inngarði og undir grunnplötu tengigangs (milli undirstöðuveggja).
Fylling að undirstöðum, lokið er ca. 60% að sunnanverðu, ca. 95% austanverðu, ca. 50% að norðanverðu og ca. 90% að vestanverðu.
Lagnaskurðir, lokið er ca. 50% við suðurhlið og ca. 95% við austurhlið.

Burðarvirki

Uppsteypu er lokið nema; portveggir þakplötu, undirstöðuplötur undir flóttastiga, 6 stk svalasúlna á 3. hæð og plötur/veggir tengibyggingar.
Forsteypt stigahlaup voru uppsett 12.maí, eftir að steypa með þeim.

Lagnir

Búið er að leggja lagnir undir grunnplötur. Regnvatnslagir er búið að leggja, ca. 50% sunnan við hús og ca. 90% austan við hús.
Lagnavinnu undir inngarði og tengigangi er að mestu leyti búin.
Búið er að koma fyrir niðurföllum í svalagólf.
Búið er að leggja bráðabirgðalagnir innanhúss fyrir vatnshitablásara.

Lagnafestingar/upphengjur og uppsetning frárennslislagna er langt komin.
Fráveitulagnir: Kjallari 90%, 1.hæð 90%, 2.hæð 80% lokið.
Í kjallara og á 1. hæð er vinna við vatnsúðalagnir og hitalagnir að hefjast, undirbúningur hafinn.

	Kjallari	1.hæð	2.hæð	3.hæð	4.hæð
Fráveitulagnir	90%	90%	80%	-	-
Vatnsúðalagnir	10%	10%	-	-	-
Hitalagnir	10%	10%	-	-	-
Neysluvatnslagnir	-	-	-	-	-

Raflagnir

Búið er að leggja hringjörð jarðskauts (eftir að mæla það).
Vinnulýsing er uppkomin í alla byggingu.
Uppsetning raflagnastiga er langt komin í kjallara, 1.- og 2.hæð.
Röralagnir og ídráttur er langt komin á 1.- og 2.hæð.
Smíði á töflum er langt komin á verkstæði undirverktaka.

	Kjallari	1.hæð	2.hæð	3.hæð	4.hæð
Vinnulýsing	100%	100%	100%	100%	-
Raflagnastigar	90%	90%	80%	-	-
Röralagnir og ídráttur	-	90%	90%	-	-

Frágangur utanhúss

Gustlokun er um 90% lokið.
Vinnupallar eru uppkomnir ca. 90% á suðurhlið, 100% á austurhlið, 20% á norðurhlið og 60% vesturgafli.
Búið er að þétta um 70% af láréttum steypuskilum með asfaltdúk.
Á suðurhlið er búið að einangra ca. 70% veggja sem verður fyllt að.

Frágangur innanhúss

Langt er komið með að gifsklæða annað byrði léttra innveggja í kjallara, 1.-, 2.- og 3.hæð. Þá er búið að tvöfalda veggi um 80% á 1.hæð og 50% á 2.hæð.
Festingar kerfisloftaklæðninga eru uppkomnar í kjallara, 1.- og 2.hæð.
Grindur fastra gifslofta eru langt komin á 1.- og 2.hæð.
Steinslípun steyptra flata er lokið, nema á 4.hæð.
Vinna við viðgerðir með gifsmúr á steyptum veggjum er lokið.
Í kjallara er búið að mála lagnagang og tæknirými.
Í kjallara, 1.-, 2.- og 3.hæð er búið að rykbinda ofan kerfislofta.
Búið er að sandsparsla kjallara, 30% á 1.hæð og búið er að sandsparsla undir hitalagnir á 1.- og 2.hæð.
Sparslvinna léttra innveggja á 1.- og 2.hæð er ca. 15% búin.

	Kjallari	1.hæð	2.hæð	3.hæð	4.hæð
Innveggir (grindur)	100%	100%	100%	60%	-
Innveggir (einföldun)	95%	95%	95%	90%	
Innveggir (Tvöföldun)	80%	50%	-	-	-
Steinslípun	100%	100%	100%	100%	-
Föst gifsloft (grind)	100%	100%	-	-	-
Sandspörslun	100%	30%	15%	15%	-
Sparslvinna innveggir	15%	15%	15%	-	-
Rykbinding	100%	100%	100%	100%	-
Málun	30%	-	-	-	-
Múrviðgerðir	100%	100%	100%	100%	-

Flotun gólfa:
Búið er að flota kjallara, 1.- og 2.hæð að frátöldum baðherbergjum, lagnakjallara og tengigang kjallara.

	Kjallari	1.hæð	2.hæð	3.hæð	4.hæð
Flotun	65%	85%	85%	-	-

Loftræsing:
Hluti loftræsiröra sem koma í jörðu eru komin á verkstað.
Vinna við stofnlagnir er lokið í kjallara, 1.-, 2.- og hafin á 3.hæð (um 20%).
Búið er að ganga frá brunaþéttingum með loftræsingu úr tæknirými.
Ca. 60% af útsogsstokkum eru uppkomnir.

	Kjallari	1.hæð	2.hæð	3.hæð	4.hæð
Stofnlagnir	100%	100%	100%	30%	-
Útsogsstokkar	-	60%	60%	60%	-

Eldri húshlutar:
Búið er að fjarlægja klæðningu útveggja Sólvangs þar sem tengigangur leggst að, gert 7.-8. apríl.

Næstu verk: (2 vikur, eða að næsta verkfundi)
Aðstaða
Fjarlægja mót og búnað sem ekki er þörf á lengur, á austursvæði.
Jarðvinna
Stefnt á landmótun og lagnaskurði norðan við hús fyrir regnvatnslagnir.
Burðarvirki
Vinna að uppslætti, járnabindingum og uppsteypu þ.e. portveggi þakplötu sem eftir eru. Steypa grunnplötu tengibyggingar. Steypa með stigahlaupum.
Lagnir
Virkja/gangsetja vatnshitablásara á 3.hæð nýbyggingar.
Haldið áfram vinnu frárennslislagna á 1.-, 2.- og 3.hæð og halda áfram með uppsetningu vatnsúða- og hitalagna.
Raflagnir
Unnið áfram að ídrætti á 2.hæð.
Halda áfram með uppsetningu raflagnastiga á 1.-, 2.- og 3.hæð
Loftræsilagnir
Vinna áfram við stofnlagnir á 3.hæð.
Frágangur utanhúss
Ljúka við gustlokun húss.
Stefnt á að ljúka við þéttingu steypuskila með asfaltdúk.
Stefnt á að hefja uppsetningu vinkla utanhússklæðningar.
Fyrsta sending á álgluggum komi á verkstað.
Frágangur innanhúss
Halda áfram vinnu léttra innveggja á 2.- og 3.hæð.
Stefnt að því að flota gólf í austurhluta 3.hæðar.
Verktaki heldur áfram að hindra vatnstreymi um byggingu.
Kjarnaborun fyrir lögnum eftir þörfum.
Vinna heldur áfram við sandspörslun og spörslun á léttum innveggjum í kjallara, 1.- og 2.hæð.

17. Verkáætlun.

Verktaki afhenti á verkfundinum uppfærða verkáætlun dags 02.05.2018 sem miðar óbreytt við verklok 17. nóvember 2018. Verkáætlun hefur ekki breyst innbyrðis frá áætlun 17.04.2018.

Hluti verkþátta er á eftir áætlun, burðarvirki tengigangs (ekki krítískt), hluti lagna- og raflagnaþátta er um 2-3 vikum á eftir áætlun.
Frágangur þakflata er í dag um viku á eftir áætlun og frágangur útveggja og jarðvinna ætti að vera að hefjast.
Aðrir þættir eru nokkurn vegin í samræmi við gildandi verkáætlun.

Verktaki mun merkja inn raunstöðu verkþátta á gildandi verkáætlun og afhenda. *HS*

18. Hönnun (breytingar).

Til stendur að breyta sorpgerði í „djúpgáma“, hönnun ólokið.
Hönnuðir vinna að útfærslu og verður afhent teikning af því. Ó.br. *06.06.18* *HÁ*

Boðað verður til rýnifundar að nýju vegna tengigangs og farið yfir óljós mál sem ekki hafa verið leyst (haldinn 12.03.218). Rýnifundur var haldinn varðandi tengigang, afgreiðsla hönnuða liggur ekki fyrir. Fullútfæra þarf burðarvirki í samræmi við bókanir á rýnifundi nr. 011. Skoðað verður hvort þörf sé á boða til rýnifundar þegar nær dregur þakvirki tengigangs. Verður haldinn næstkomandi föstudag kl: 13:00.

Sjá frekari atriði sem bókuð eru undir kafla *34 - Önnur mál*.

19. Teikningar og önnur gögn.

Frá síðasta verkfundi (nr.24) hafa verið gefnar út:

- 9 breyttar teikning arkitekta
- 2 breyttar teikningar burðarvirkja

Samtals: 11 breyttar teikningar frá síðasta verkfundi

Alls hafa því verið gefnar út 221+101+47+40+1 = 410 breyttar útgáfur teikninga. (arkit.+burð.+lagn.+rafl.+lóð), auk þess sem 19 nýjar útgáfur teikninga hafa verið gefnar út.

<u>Arkitekt</u>

- *Verktaki vekur athygli á að í verklýsingum vanti ýmis litarnúmer, gera þurfi litaskrá.* Óafgreitt, litarnúmer málaðra veggja liggja fyrir, vantar teikningu sem gerir frekari grein fyrir lituðum veggjum annarra en hvítra. *06.06.18* *ASÞ*

Verktaki kallar eftir úrlausnum frá rýnifundi nr. 12 varðandi tengigang.

Verktaki kallar eftir lista yfir væntanlegar breyttar/nýjar verkteikningar frá hönnuðum og útlistun á hvenær þeirra er að vænta.
Eftirliti er kunnugt um að von sé á eftir eftirfarandi teikningum;

- Uppfærðar lóðarteikningar á lóðarhluta, norðan við heilsugæslu. sem sýna endurskoðað útfærslu sorpgeymslu/djúpgáma og þá staðsetningu (búist við þann *29.05.2018*).

- Uppfærðar lagna- og rafkerfateikningar á lóðarhluta, norðan við heilsugæslu. Þeirra er að vænta í beinu framhaldi af uppfærðum lóðateikningum, þegar búið er að staðsetja djúpgáma.
- Uppfærðar lóðarteikningar sem sýna lóðarfrágang við inntaks og útkast loftræsingar (búist við þann *29.05.2018*).
- Uppfærðum teikningum arkitekta af tengigangi; deiliteikningar, gluggayfirlit og sniðteikning (*búist við þann 25.05.2018*).
- Uppfærðum teikningum burðarvirkis; sniðteikning af frágangi súlna í hæðarskilum tengigangs til samræmis við bókun á rýnifundi nr. 012 (*búist við þann 25.05.2018*).
- Uppfærðar innréttingateikningar arkitekta í framhaldi af rýnifundi nr. 014 (*búist við þann 28.05.2018*).
- Uppfærðri grunnmynd og sniðteikningu arkitekta sem gerir grein fyrir pallalyftu/stiga í tengigangi kjallara (*búist við þann 25.05.2018).*
- Uppfærðar teikninga arkitekta af handriðum og handlistum í stigahúsi (*búist við þann 25.05.2018*).
- Uppfærðum teikningum arkitekta sem gerir frekari grein fyrir/til samræmis við teikningar burðarvirkis af skyggnum yfir svölum og aðalinngangi (*búist við þann 29.05.2018*).

20. Efnisútvegun / efnisvottorð.

Verktaki hefur frá síðasta verkfundi lagt inn eftirfarandi efnissamþykktir; Rakavarnarlag, þakdúkar, múrefni fyrir stalla, bruna- og reyklokur (uppfært), blásarasamstæða (uppfært) og festingar einangrunar.

Frá síðast verkfundi hefur eftirlit formlega afgreitt/ svarað eftirfarandi efnissamþykktum verktaka;
Eldvarnarhólkar, fráveitulagnir, einangrun, þrifatæki, úðastútar, ryðfríar pípur og tengistykki, blásarasamstæða, innréttingar og rakavarnarlag.

Eftirlit vinnur að því að yfirfara og afgreiða, í samráði við hönnuði, útistandandi efnissamþykktir til verktaka. Meðfylgjandi tafla er yfirlit yfir opnar efnissamþykktir. *HÁ*

Óafgreiddar efnissamþykktir		
Efnissamþykkt	**Ábyrgð**	**Skýring**
#7.2-2.0 Stoðir og leiðarar	Munck	*Frekari gagna var óskað*
#06-4.5 Álgluggar og hurðir	Munck	*Kerfi sem slíkt samþ., ekki búnaður*
#06-3.0 Veggjaklæðning	Munck	*Litur samþ., ekkert frekar liggur fyrir*
#4.1-8.0 Bruna- og reyklokur	Verkís	*Vaktkerfi til yfirferðar*
#3.4-0.0 Þrifatæki	Munck	*Salerni/skolkassar, ósamþykkt*
#6.5-2.0 Gler	Verkís	*Viðbætt gögn borist til formlegra samþ.*
#5.1-11.0 Lampar	Munck	*Samþ. að hl., Frekari gagna óskað*
# 5.0-1.0 Rafkerfi	Munck	*Samþ. að hl., Frekari gagna óskað*
#7.3-4.0 Veggdúkur	Verkís	*Formlegt svar vantar, sjá OS-038*
#7.3-2.0 Gólfdúkur	Verkís	*Formlegt svar vantar, sjá OS-038*
#6.2-3.0 Burðarkerfi álklæðningar	Verkís	*Buþ. útreikningar, vantar efnisuppl.*
#6.2-2.0 Festingar einangrunar	Munck	*Ætlar að uppfæra*
#5.1-5.1 Töflukassar	Munck	*Óskað eftir frekari uppl. Um útfærslu*
#3.7-5.0 Úðastútar	Munck	*Gerð 5 ekki samþykkt*
#7.6-2.0 Sandsparsl	Munck	*Óskað var eftir uppl. um fyrir votrými*
#6.4-3.0 Steypuefni stalla	Verkís	*Formlegt svar vantar*
#6.3-10.0 Þakdúkar	Verkís	

Varðandi þakefni þá hefur eftirlit afgreitt og samþykkt rakavarnarlag sem verktaki lagði fram (Icopal Base 500), eftirlit á eftir að taka afstöðu til annarra þátta sem verktaki hefur lagt fram í kjölfar breytinga á þakuppbyggingu.

21. Viðbótarsamningsverk.

Ekkert bókað.

22. Aukaverk.

Verktaki hefur gert grein fyrir kostnaði vegna aukaverka og krafna með orðsendingum. Eftirlit hefur afgreitt og svarað þeim með orðsendingum. Eftirlit og verktaki hafa verið, og eru að funda yfir þessum málum.

Verktaki hefur vakið athygli á eftirfarandi aukaverkum:

- *Breytingar og uppsteypa trappna í núverandi byggingu er ekki skilgreindur verkþáttur.* Teikning hefur verið afhent, eftirlit mun senda orðsendingu sem gerir frekari grein fyrir verkþætti. *ASÞ*
- *Breytingar, rof og endurgerð í núverandi byggingum vegna tengibyggingar, er ekkert gerð grein fyrir í gögnum og engir skilgreindir verkþættir vegna þessa.* Óafgreitt *06.06.18* *ASÞ*

Lögð verður áhersla á að afgreiða efnislega þau aukaverk sem þegar hafa verið unnin. Ó.br.

Verktaki upplýsir um að hann líta á það sem aukaverk að steypa stalla undir gólfsíða glugga. Eftirlit mun skoða gögn hvað það varðar. *ASÞ*

Verktaki óskar eftir því að fá sendar formlegar aukaverkabeiðnir eftir því sem við á.

23. Magntölur.

Verktaki vekur athygli á að magn fyllinga í og utan grunns er nokkuð meira en magnskrá gerir grein fyrir. Verktaki mun leggja fram útreikninga/mælingar þess til uppgjörs verkþáttar. Verktaki hefur skilað inn bráðabirgða útreikningum fyrir fyllingar, en á eftir að skila inn nákvæmari útreikningum. *HS*

Verktaki hefur sent frá sér útreikninga varðandi magnaukningu á einangrun á grunnplötu.

Athygli er vakin á því að flotílögn sé líklegast nokkuð vanáætluð í magnskrá.

Verktaki vekur athygli á að líklega verði magnaukning í rafmagnsdósum og röralögnum, verktaki gerir grein fyrir því þegar gögn liggja fyrir. *HS*

Verktaki vekur athygli á hugsanlegri magnaukningu á utanhússklæðningu.

Aðilar sammála um að klára uppgjör á loknum og langt gengnum verkþáttum eins fljótt og kostur er. Eftirlit kallar eftir að fá uppgjör á slíkum þáttum eins og t.d burðarvirki og jarðvinnu.

24. Rannsóknir.

Ekkert bókað.

25. Mælingar.

Verktaki hefur mælt landslag norðan við væntanlegan stíg niður að óhreyfðu landi. Verktaki mun senda mæliniðurstöður. Ó.br. *HS*

26. Bréf/orðsendingar.

Verktaki hefur lagt fram orðsendingar til og með nr. 40.
Eftirlit hefur lagt fram orðsendingar til með nr. 41.

27. Reikningar.

Framvindureikningur 12 mun berast eftirlit til yfirferðar bráðlega.
Verktaki hefur einnig lagt fram reikninga vegna aukaverka sem fundað hefur verið um.

28. Kröfur.

Verktaki hefur í orðsendingum áskilið sér rétt og gert kröfu um tafadaga og um greiðslu kostnaðar vegna tafa s.br. orðsendingu.
Verktaki hefur gert grein fyrir kröfum með orðsendingu nr. 16 og 21/23 og eftirlit svarað með orðsendingum. Fundur hefur verið haldinn vegna þessa og er afgreiðsla þessara mála í vinnslu. Eftirlit og verkkaupi hafa hafnað þeim kröfum frá verktaka eins og þær voru lagðar fram, verktaki er ekki sammála þeirri niðurstöðu.

Verktaki spyrst fyrir um hvort von sé á afstöðu vegna kröfu um tæknivinnu, verkkaupi mun svara því sem fyrst. Eftirlit tók afstöðu/svaraði kröfu verktaka með orðsendingu eftirlits nr.28. Verktaki hefur brugðist við þeirri orðsendingu og svaraði með orðsendingu 32.
Lagt hefur verið fram kröfubréf á hendur verkkaupa frá lögfræðistofu, barst til bæjarstjóra Hafnarfjarðar þann 13.02.2018.
Málið er í ferli.

29. Tafabætur.

Ekki tekið fyrir.

30. Rif gamalla mannvirkja.

Verkþætti vantar í samningsgögn vegna rifa og sögunar við tengibyggingar.
Það á einnig við um hluta lóðar þar sem ætlunin er að breyta henni milli nýbyggingar og lágbyggingar heilsugæslu.

Verktaki óskar eftir frekari upplýsingum um hvort einhver upprif eigi sér stað við heilsugæslu, þegar farið verði í lóðarfrágang í grennd við Sólvangsveg og heilsugæslu. Nefnir t.a.m stoðvegg sem stendur við núverandi inngang og hvort ráðgert sé að snjóbræðsla verði fjarlægð og fleira. Eftirlit mun skoða frekar og upplýsa um.

31. Úttektir, byggingafulltrúi.

Úttektir byggingafulltrúa og byggingastjóra eru í samræmi við hefðbundið ferli. Sama gildir um úttektir eftirlits.

Hafa þarf í huga áfangaúttektir, t.a.m lagnir sem koma til með að lokast af.

Áréttað að verktaki sandi ekki yfir og hylji lagnir að fullu undir tengigangi, eftirliti og byggingarstjóra þarf að gefast kostur á að taka þær út, mynda og hugsanlega innmæla áður en gengið er frá þeim að fullu í jarðveg.

32. Verklok.

Verktaki áætlar verklok um miðjan nóvember 2018, samanber uppfærði heildarverkáætlun sem afhent var 09.01.2018.
Ný heildarverkáætlun barst 22.02.2018, þar sem lokadagsetning er óbreytt frá fyrri áætlun eða 17. nóvember 2018 .

Verktaki spurði á síðasta verkfundi hver afstaða verkkaupa væri gagnvart verkáætlun þeirri er verktaki lagði fram, með breyttri verklokadagsetningu 17. nóvember 2018. Eftirlit vísaði þá til fyrri verkfundargerða um að verkkaupi samþykkti ekki seinkun verkloka.
Hvað þetta varðar vísar eftirlit til verkfundargerðar nr. 15 þar sem verktaki kallar eftir afstöðu verkkaupa til seinkunar verkloka til 17.nóvember 2018 og einnig verkfundargerðar nr.16 þar sem greint er frá afstöðu verkkaupa um að miða skuli við fyrirskrifuð verklok, 20.september 2018.
(Verklok samkvæmt samningi eru 20.september 2018, en var ranglega tilgreint í verkfundargerð nr.16, 30.september 2018).

33. Samningslok.

Ekki tekið fyrir.

34. Önnur mál.

Vetrarsteypa og aðhlúun

Eftirlit hefur sent út OS-18 þar sem óskað er eftir því að verktaki geri grein fyrir því hvernig hann hyggist standa að aðhlúun steyptra byggingarhluta m.t.t mismunandi hita- og veðurskilyrða.
Verktaki hefur ekki svarað OS-18 frá eftirliti, aðbúnaður og aðhlúun steyptra byggingarhluta hefur verið hagað í nánu samstarfi við eftirlit og gengið vel. Ítrekað. *06.06.18* *HS*

Útkast og loftinntak loftræsingar:

Gefnar hafa verið út breyttar lagnateikningar, þar sem staðsetning útkasts og inntaks loftræsingar hefur verið færð til. Eftir er að gefa út breytta lóðarteikningu sem sýnir lóðarfrágang við mannvirkin. *06.06.18* *ASÞ*

Þá hefur verktaki vakið athygli á eftirtöldum atriðum:

- *Verktaki fer fram á að fá greitt fyrir gustlokun á nýbyggingu. Verktaki geri grein fyrir því og rökstyðji með tilvísun til gagna með orðsendingu, afstaða tekin í framhaldi af því.* Óafgreitt. *06.06.18* *HS*
- Tengigangur við 4.hæð nýbyggingar, teikningar liggja fyrir. Steypt verði til samræmis við teikningar arkitekta og burðarvirkis, útfærsla á lyftu og stiga bíður frekari útfærslu sem komið verði fyrir eftir á. Verktaki óskar eftir skýrum upplýsingum um pallalyftu, lýsingu verkþáttar. *06.06.18* *ASÞ*
- Regnvatns- og frárennslislagnir í inngarði og undir tengigangi hafa verið leystar. Gerð hefur verið grein fyrir nýrri fitugildru, búnaði hennar og hún staðsett á teikningu. Eftirlit mun gera frekari grein fyrir verkþætti og kalla eftir verði. *HÁ*

- *Verktaki hefur vakið athygli á að gert sé ráð fyrir reyklúgu í bæði stigahúsi og lyftugöngum. Þetta þarf að skoða og leysa. Lagðar hafa verið fram teikningar. Vantar að gera frekari grein fyrir búnaði, verklýsingu verkþáttar.* Óafgreitt — *ASÞ*
- *Verktaki óskar eftir útlistun á hlöðnum veggjum í baðhúsi í kjallara, lýsingu verkþáttar.* Gerð hefur verið grein fyrir frekari lýsingu verkþáttar með orðsendingu og kallað eftir verði í verkþátt.
- *Tengigangur, verktaki spyr varðandi málsetningar á grunnmynd, hvar skuli taka upp mismun í reynd frá málsetningum. Eftirlit upplýsir að gatmál í vegg fyrir glugga, málsett 9375 skuli standa, frávik skuli tekið upp í steyptri veggskífu við eldri byggingu. (Gluggayfirlit er ekki í samræmi við grunnmynd og þarf að samræma).* Ó.br. teikningu á eftir að samræma. — *06.06.18* — *ASÞ*

Verktaki vekur athygli á/kallar eftir:

- Gaumlúgur: Verktaki kallar eftir frekari upplýsingum um stærð og staðsetningu gaumlúga. — *HÁ*
- Reyklúgur: Verktaki kallar eftir lýsingu verkþátta á þeim reyklúgum sem bættust við í plötu yfir 4.hæð. — *HÁ*
- Op á milli íverurýma: Verktaki kallar eftir lýsingu verkþáttar og formlegri aukaverkbeiðni. — *HÁ*
- Hurð milli meðferðarýma í kjallara: Verktaki kallar eftir formlegri aukaverkabeiðni. — *HÁ*
- Hlaupaköttur: Verktaki kallar eftir formlegri aukaverkabeiðni og frekari upplýsingum um staðsetningu og útfærslu á festiplatta, lýsingu verkþáttar. — *HÁ*
- Handlistar/handrið stigahúss: Verktaki óskar eftir frekari upplýsingum um handrið, handlista og stálklæðningu stigakjálka í stigahúsi, s.br. umræður þar um á rýnifundi nr. 014. — *HÁ*
- Hurðarbreidd: Verktaki vekur athygli á að tvær hurðar í austurhluta byggingar (svalamegin) á 1.- og 2.hæð voru steyptar með gatmáli 1000mm, spyrst fyrir um hvort og hvernig skuli stækka hurðargöt. — *HÁ*
- Árekstur lagna í kjallara: Til samræmis við tölvupóst sinn, óskar verktaki eftir úrlausn á árekstri lagna/raflagnastiga í lagnagangi kjallara og formlegri aukaverkabeiðni. Umrætt atriði verður skoðað í kjölfar verkfundar. — *HÁ*
- Ferskloftsventill: Verktaki kallar eftir frekari upplýsingum um útfærslu ferskloftsventil í gegnum álklæðningu og aukaverkabeiðni. — *HÁ*

Samþykkt fyrir hönd verktaka: _____

Samþykkt fyrir hönd verkkaupa: _____